

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 16. mars 2022 í máli nr. 67/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 22. júlí 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X. hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um kaup á úri af fyrirtækinu Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili efni samning milli aðila um kaup á úri. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 10. ágúst 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust þann 6. september 2021. Með bréfi, dags. 1. nóvember 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara varnaraðila, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila, staðfesting á kaupum þeim sem deilt er um, staðfesting á endurgreiðslu til sóknaraðila, skjáskot sóknaraðila af verðmerkingu söluvöru, söluskilmálar varnaraðila og tvö skjáskot varnaraðila úr vefverslun hans.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili pantaði armbandsúr af gerðinni Longines Spirit í vefverslun varnaraðila þann 6. nóvember 2020 og greiddi fyrir það 150.000 krónur með greiðslukorti. Þremur dögum síðar barst sóknaraðila tölvupóstur frá starfsmanni varnaraðila þar sem honum var tilkynnt að verðlagning úrsins hafi verið röng á vefsíðu varnaraðila vegna mannglegra mistaka og að honum yrði endurgreitt kaupverðið. Rétt verð á úrinu var tiltekið 365.000 krónur. Sóknaraðili hafi hafnað því að fá endurgreitt og krafist að kaupin yrðu efnd af hálfu varnaraðila. Varnaraðili endurgreiddi hins vegar kaupverðið til sóknaraðila þann 9. nóvember 2020.

Sóknaraðili krefst þess að kaupin verði efnd með greiðslu að fjárhæð 150.000 krónur. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

#### 3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að hann hafi keypt úrið í vefverslun varnaraðila og greitt uppgefið verð með greiðslukorti. Hafi honum verið send kvittun fyrir kaupunum í kjölfarið. Varnaraðili hafi haft samband við hann í gegnum tölvupóst þremur dögum síðar og rift kaupunum með vísan til skilmála varnaraðila og með þeim rökum að rangt verð hafi verið skráð í vefverslun hans.

Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að efna kaupin í samræmi við 1. mgr. 21. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup(nkpl). Sóknaraðili telji að undanþágur 2. mgr. ákvæðisins eigi ekki við í máli þessu enda engar hrindranir sem komi í veg fyrir það sem

varnaraðili ráði ekki við eða að efndir hefðu í för með sér óhagræði eða kostnað fyrir varnaraðila að það væri í ósamræmi við hagsmuni sóknaraðila af efndum. Sóknaraðili kveður lög um neytendakaup ófrávíkjanleg og að varnaraðili geti ekki komið sér undan efndum með vísan til samningsskilmála sem veiti sóknaraðila lakari rétt en leiði af lögnum. Verði fallist á framangreint þyki ljóst að neytendavernd hér á landi færast aftur í tímann. Þá geti seljandi vöru, að eigin geðþótta, hætt við sölu hvenær sem er. Þá bendi sóknaraðili á að samkvæmt evrópskum neytendarétti geti seljandi vöru ekki hætt við sölu í vefverslun með vísan til rangs verðs nema verðið á söluhlutum hafi verið bersýnilega rangt. Í þessu tilviki hafi verðið ekki verið bersýnilega rangt enda séu mörg úr frá sama framleiðanda verðlögð á sama verði og sóknaraðili greiddi fyrir úrið í vefverslun varnaraðila. Sóknaraðili telur að öðruvísi hefði horft við ef verð úrsins hafi verið t.d 3.650 krónur í stað 365.000 krónur. Kaupverð að fjárhæð 150.000 krónur hafi því vel getað staðist.

### 3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili kveðst ekki geta fallist á það með sóknaraðila að honum sé skylt með vísan 1. mgr. 21. gr. nkpl. að afhenda sóknaraðila hið umþrætt úr. Þótt lögin tryggi neytendum ákveðin réttindi sem verða ekki afnumin með samningi komi lögin ekki í veg fyrir að seljandi vöru semji um það að gildi samnings í vefverslun hans sé háð því að mistök hafi ekki átt sér stað við skráningu á verði umrædds söluhlutar. Þá komi lögin ekki heldur í veg fyrir að seljandi áskilji sér rétt til að rifta samningi þegar svo hátti til. Slík samningsákvæði sem feli í sér fyrirvara við gildi samnings eða rétt til riftunar þegar rangt verð sé skráð á vöru í vefverslun séu ekki í ósamræmi við áðurnefnt ákvæði laganna sem kveði á um að neytandi geti haldið fast við kaup og krafist efnda þegar söluhlutur sé ekki afhentur á umsömdum afhendingartíma. Að sögn sóknaraðila sé algengt að skilmálar vefverslana á EES-svæðinu hafi að geyma samningsákvæði af þessum toga og sé varnaraðila ekki kunnugt um að þau hafi verið talin í ósamræmi við EES-reglur eða sætt athugasemdum frá yfirvöldum neytendamála. Þannig sé það fyrst þegar samningsákvæðum sleppi sem á það geti reynt, líkt og sóknaraðili bendi á, hvort uppgefið verð á söluhlut hafi augljóslega verið ranglega skráð þannig að neytandi hafi mátt gera sér grein fyrir því og seljandi vegna þessa gengið frá kaupunum.

Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðili hafi samþykkt skilmála varnaraðila þar sem kveðið sé á um rétt varnaraðila til að „*rifta kaupum sé rangt verð á vöru í vefverslun, eða kaupandi hafi mátt gera sér ljóst að rangt verð var á vöru.*“ Varnaraðili bendir á að skilmálarnir séu aðgengilegir á heimasíðu vefverslunarinnar og gildi um öll kaup sem séu gerð í henni. Þeir séu síðan áréttaðir við staðfestingu á pöntun vöru og geti kaupandi ekki fest kaup á vöru án þess að samþykkja skilmálanna. Að sögn varnaraðili liggja fyrir að starfsmenn varnaraðila hafi áttað sig á mistökunum þegar þeir komu til vinnu mánudagsmorguninn 9. nóvember 2020 og að sóknaraðila hafi verið tilkynnt um þau þegar í stað. Þegar af þeirri ástæðu sé enginn samningur fyrir hendi sem sóknaraðili geti krafist enda á með vísan til 1. mgr. 21. gr. nkpl. Varnaraðili kveðst jafnframt vísa í þessu sambandi við 38. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga en í því ákvæði er fjallað um gildi löggerninga. Þar komi fram að grandsemi móttakanda geti haft áhrif á gildi löggerninga. Í 2. másl. 38. gr. laganna segi að líta megi til vitneskju móttakanda eftir það tímamark en áður en að löggerningur hafi áhrif á ráðstafanir hans. Hér verði að líta til þess að sóknaraðila hafi verið tilkynnt um mistök varnaraðila skömmu eftir að hann hafi staðfest kaupin og áður en afhending hafi átt sér stað. Þá hafi sóknaraðili fengið verðið endurgreitt að fullu um leið. Að mati sóknaraðila hafi ekkert komið fram í kvörtun sóknaraðila um að hann hafi gert sérstakar ráðstafanir í tilefni kaupanna og

bendi ekkert til þess að löggerningurinn hafi verið búinn að hafa áhrif á ráðstafanir hans. Liggi því ekkert annað fyrir en að sóknaraðili hafi fengið vitneskju um mistökin áður en löggerningurinn hafði nokkur áhrif á ráðstafanir hans og geti löggerningurinn því af þessu ástæðu ekki talist gildur.

Varnaraðili kveðst ekki fallast á það með sóknaraðila að umrætt riftunarákvæði skilmála hans gefi honum geðþóttavald til að hætta við sölu en varnaraðili telji að þessi málsástæða sóknaraðila feli í sér að varnaraðili tefli umræddum fyrirvara fram án málefnalega raka. Varnaraðili telji þvert á móti að málefnaleg rök séu fyrir slíkum fyrirvara en hann áskilji sér aðeins rétt til að bera honum fyrir sig í þeim tilvikum þar sem rangt verð sé skráð á vöru eða kaupandi hafi mátt gera sér grein fyrir því. Sé þetta í samræmi við 5. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, 2. málslíð 3. gr. reglugerðar nr. 537/2011 um verðupplýsingar við sölu á þjónustu og meginreglur kröfuréttar sem kveði á um að aðilar séu bundnir af því verði sem fram komi í samningi nema um augljós mistök sé að ræða. Gildi þessi meginregla jafnframt í evrópskum neytendarétti líkt og bent sé á af sóknaraðila. Í 1. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuráðsins 93/13/EBE sé að finna leiðbeiningar varðandi sanngirnismat á skilmálum í neytendasamningum, sbr. a-lið 1. mgr. 2. gr. þeirra. Þar sé tekið fram að samningsskilmáli telst vera óréttmætur ef hann valdi umtalsverðu ójafnvægi réttinda og skyldna samningsaðila samkvæmt samningnum, neytanda til tjóns. Þessi tilskipun hafi verið innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 14/1995 um breytingu á lögum nr. 7/1936. Í 36. gr. þeirra komi fram að samningur eða hluti samnings yrði talinn ósanngjarn ef hann sé andstæður góðri viðskiptavenju. Í 3. mgr. 36. gr. c. laganna segi svo að samningur teljist „ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag.“ Varnaraðili vísi til þess að bæði þessi skilyrði þurfa að vera uppfyllt svo skilmáli teljist ósanngjarn. Varnaraðili bendi á að sambærilega fyrirvara og ágreiningur í máli þessi lúti að, megi finna í skilmálum tilgreindra vefverslana á EES-svæðinu, en lög nr. 48/2003 byggja á tilskipun Evrópusambandsins 1999/44/EB. Varnaraðili telji því ljóst að um ákveðna viðskiptavenju sé að ræða og gangi hún ekki gegn góðum viðskiptaháttum en fyrirvarinn sé einungis árétting á rétti hans sem seljanda til að breyta augljósum mistökum í vefverslun sinni. Í 1. gr. viðauka með tilskipun 93/13/EB séu talin upp dæmi um skilmála sem myndu teljast ósanngjarnir í skilningi 3. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. Varnaraðili geti ekki séð að fyrirvari hans í vefverslun sinni falli á nokkurn hátt undir þessi leiðbeiningarsjónarmið en fyrirvarinn sé ekki til þess að rýra lagalega stöðu neytanda, takmarka rétt hans til að neyta eða leita réttar síns eða setji auknar skyldur á hann. Fyrirvarinn uppfylli því ekki skilyrði um að ganga gegn góðri viðskiptavenju. Varðandi síðara skilyrðið telji varnaraðili að fyrirvarinn raski ekki jafnvægi milli réttinda og skyldna málsaðila, sóknaraðila í óhag, heldur sé hann staðfesting á þeim rétti sem varnaraðili hafi til að lagfæra augljós mistök.

Þá kveðst varnaraðili hafna röksemdum sóknaraðila um að ekki hafi verið um bersýnilega villu að ræða í verðmerkingu úrsins í vefverslun varnaraðila. Umrætt úr af gerðinni Longines Spirit og hafi þrjú úr af umræddri gerð verið til sölu í vefverslun varnaraðila. Hin tvö úrin hafi verið staðsett sitthvoru megin við úrið sem sóknaraðili pantaði og hafi þau verið rétt verðmerkt. Hönnun þeirra hafi jafnframt verið eins nema munur var á skífum þeirra og ólum. Þá hafi vörulýsing þeirra verið sú sama og þyki því augljóst að um mistök í verðmerkingu hafi verið að ræða. Varnaraðili bendi á það að vissulega sé ekki hægt að leggja of mikla aðgæsluskyldu á neytendur en eins og úrunum hafi verið uppstillt hefði það mátt vekja þá hugmynd hjá sóknaraðila um að verð á því úri sem hann óskaði eftir væri rangt skráð. Auk þess beri að líta til þess að umrædd úr voru

ekki ódýr og þyki því ólíklegt að hann hafi pantað úrið án þess að bera saman verð á því og úrum af sömu gerð. Í framgreindum reglugerðum nr. 536/2011 og 537/2011 sé það ekki gert að skilyrði að neytandi þurfi að vera ljóst að um mistök sé að ræða heldur sé nægjanlegt að honum hafi mátt vera það ljóst. Þá hafi ekkert í vefverslun varnaraðila bent til þess að um væri að ræða sérstakt tilboð á úrinu enda hafi það ekki verið merkt með slíkum hætti en samkvæmt 1. másl. 2. gr. reglugerðar nr. 366/2008 um útsölu eða aðra sölu þar sem selt sé á lækkuðu verði, skal tekið skýrt fram hvaða vörur sé seldar á lækkuðu verði. Líkt og gögn málsins beri með sér hafi engin sérstök merking verðið fyrir hendi sem gæfi til kynna að um tilboðsverð eða lækkað verði hafi verið ræða. Geti sóknaraðila því ekki borið því við í málinu.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi ekki verið í góðri trú þegar hann festi kaup á úrinu. Vísi varnaraðili í þessu samhengi til alls framangreinds sem og dóms Hæstaréttar Danmerkur frá 1985 sem birtur sé í *UFR. 1985, bls. 877* en þar var komist að þeirri niðurstöðu að augljós mistök hefðu orðið í verðmerkingu á umþrættu vörunni enda hafi rétt verð hennar verið rúmlega þrefalt hærra en hin ranga verðmerking bar með sér. Hafi slíkur verðmunur átt að vekja grunsemdir hjá neytendum að um að mistök hafi verið ræða og var málið því dæmt seljandanum í hag. Varnaraðili telji að framangreint mál svipi mjög til þess tilviks sem hér sé deilt um en um mikinn verðmun hafi verið að ræða sem hefði mátt vekja upp grunsemdir sóknaraðila sem og að önnur úr sömu tegundar hafi verið verðmerkt mun hærra. Þá bendir varnaraðila á að í forsendum ofangreinds dóms hafi jafnframt verið litið til þess að neytendurnir hafi tekið ljósmynd af tilboði því sem mun ræddi og hafi það ekki verið talið renna stoðum undir það að þeir hafi verið í góðri trú. Svipuð staða sé uppi hér en sóknaraðili hafi tekið skjáskot af verðmerkingu úrsins sem hann lét fylgja með kvörtun sinni. Af merkingu skjáskotsins sjáist að það hafi verið tekið kl. 12.14 þann 7. nóvember 2020 eða degi eftir að sóknaraðili pantaði úrið og áður en honum hafi verið tilkynnt um verðmistökin af varnaraðila. Telji varnaraðili það fela í sér vísbendingu um að sóknaraðili hafi ekki verið í góðri trú þegar hann pantaði úrið. Í því sambandi beri einnig að líta til þess að sóknaraðili er lögmaður og það athæfi hans að taka skjáskot af verðinu áður en hann hafi verið tilkynnt um mistökin bendi til þess að hann hafi vitað af þeim og talið sig vera safna sönnunargögnum.

Loks kveðst varnaraðila vilja vekja athygli á því að verð úrsins sem kom fram í vefverslun hans og sóknaraðili greiddi sé lægra en það verð sem varnaraðila hafi greitt framleiðanda úrsins auk þess sem kostnaður við flutning þess, tryggingar og virðisaukaskattur bætist þar við.

#### IV

#### Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Um viðskipti málsaðila gilda lög nr. 16/2016 um neytendasamninga, svo og almennar reglur kröfu- og samningaréttar. Samningur aðila er fjarsölusamningur í skilningi laga nr. 16/2016 um neytendasamninga (nsl.). Ákvæði 5. gr. laganna fjallar um þær upplýsingar sem neytandi á rétt á, innan hæfilegs frests, áður en fjarsölusamningur er gerður, þar á meðal um heildarverð vöru eða þjónustu [...], sbr. d. liður 1. mgr. lagaákvæðisins. Þessar upplýsingar eiga að vera óaðskiljanlegur hluti fjarsölusamningsins samkvæmt 1. mgr. 6. gr. nsl. og ber seljandi sönnunarbyrðina fyrir því að farið sé að kröfum laganna um upplýsingagjöf.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Í III. kafla laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa (sml), er að finna

undantekningar frá meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi samninga. Í 1. mgr. 32. gr. sml. segir að löggerningur, sem vegna misritunar eða annarra mistaka af hálfu þess er gerði hann hefur orðið annars efnis en til var ætlast, er ekki skuldbindandi fyrir þann sem gerði hann ef sá maður, sem löggerningnum var beint til, vissi eða mátti vita að mistök hefðu átt sér stað. Í ákvæðinu felst að jafnvel þó mistök verði við gerð löggernings sé hann almennt skuldbindandi þegar löggerningsmóttakandi er í góðri trú um efni hans. Það á þó ekki við ef löggerningsmóttakandi vissi eða mátti vita um mistök eða misritun af hálfu löggerningsgjafa. Litið er til þess sem löggerningsmóttakandi vissi eða mátti vita um mistökin sjálf, en löggerningsmóttakanda þarf ekki að hafa verið kunnugt um það hvernig löggerningsgjafi ætlaði í raun að haga yfirlýsingu sinni.

Í 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum, sem settar voru af Neytendastofu með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er mælt fyrir um skuldbindingargildi samnings gagnvart neytanda þegar mistök hafa orðið við verðmerkingu. Í ákvæðinu segir að fyrirtæki skuli „selja vöru á því verði sem verðmerkt er einnig þótt um mistök sé að ræða. Þetta á hins vegar ekki við ef kaupanda má vera ljóst að um mistök sé að ræða.“

Þann 6. nóvember 2020 komst á bindandi samningur milli málsaðila um kaup á úri. Sá fyrirvari í skilmálum vefverslunar varnaraðila, um að hann áskilji sér rétt til að rifta kaupum sé rangt verð skráð á vöru í vefverslun, eða kaupandi hafi mátt gera sér ljóst að rangt verð var á vöru, breytir ekki réttarstöðunni að þessu leyti. Framangreindir skilmálar, sem settir eru einhliða af varnaraðila, geta ekki undanskilið hann frá þeim reglum sem settar hafa verið um slík viðskipti og veitt honum sjálfðæmi um leiðréttingar á mistökum sem hann kveður að séu fyrir hendi.

Með hliðsjón af málsatvikum og framlögðum gögnum telur kærunefndin ekki unnt að fallast á það með varnaraðila að sóknaraðila hafi mátt vera það ljóst að um mistök á verðmerkingu úrsins í vefversluninni hafi verið að ræða. Í vefverslun varnaraðila er að finna margar gerðir úra af tegundinni Longines og samkvæmt sjálfgefni röðun á heimasíðu varnaraðila birtast þau eftir undirheiti úrsins, en ekki verði. Ekkert liggur fyrir í málinu hvernig uppröðun sóknaraðili valdi að stilla upp úrunum, en unnt er einnig að velja framsetningu þeirra í röð frá lægsta verði til hins hæsta og svo öfugt. Þá ber að hafa í huga að undirtegundir Longines úra eru ekki allar á sama verði hjá varnaraðila, heldur eru þau þvert á móti á rúmu verðbili, eða frá 136.000 til 510.000 krónur. Ekki er því fallist á með varnaraðila að sóknaraðila hafi mátt vera ljóst að verð hins umþrætta úrs væri rangt skráð út frá staðsetningu þess í vefverslun varnaraðila eða heiti þess. Þá verður ekki fallist á með varnaraðila að framlagt skjáskot sóknaraðila af úrinu, sem tekið var degi eftir kaupin, sé vísbending um að hann hafi verið í vondri trú við og eftir kaupin, enda geta ýmsar ástæður verið fyrir því að skjáskot eru tekin af söluvöru.

Loks kemur til álita hvort beita beri 2. másl. 38. gr. sml. í málinu, en í ákvæðinu segir að þegar sérstaklega standi á megi líta á vitneskju sem samningsaðili fékk eftir þann tíma er löggerningur kom til vitundar honum. Í úrskurði kærunefndarinnar í máli nr. 84/2021 var fallist á beitingu reglunnar í samskonar máli, en þá var m.a. litið til 1) stöðu aðila, 2) að mistökin áttu sér trúverðuga skýringu, þ.e. að einn tölustaf hafi vantað við verðmerkinguna, 3) þess mikla verðmunar sem var á útsöluverði og raunvirði söluhlutarins (eða 90%), 4) að fjárhagslegt tjón varnaraðila yrði nokkurt ef fallist væri á að honum bæri að efna samninginn samkvæmt efni sínu, 5) að mistökin voru leiðrétt mjög skömmu eftir kaupin og 6) að vegna hins mikla verðmunar hefði sóknaraðili átt að hafa hugboð um mistökin, sem gerði það að verkum að vægari kröfur voru gerðar en ella til beitingar 2. másl. 38. gr. Að mati kærunefndarinnar er ekki þörf á því að öll atriðin eigi

við, en skoða verður atvik heildstætt við mat á því hvort til greina komi að beita lagaákvæðinu.

Fyrir liggur að talsverður munur er á útsöluverði Longines úrsins og þeirrar verðlagningar sem varnaraðili telur eðlilega, auk þess sem mistökin voru leiðrétt skömmu eftir kaupin. Á hinn bóginn hefur varnaraðili ekki gefið skýringu á því í hverju mistökin við verðmerkingu úrsins fólust, eða gert grein fyrir því fjárhagslega tjóni sem hann kann að verða fyrir ef honum verður gert að efna samninginn. Í því sambandi verður að hafa í huga að 2. másl. 38. gr. sml. er undantekningarregla og eiga verðmerkingar almennt að geta skapað væntingar hjá neytenda um raunverulegt söluverð vörunnar. Öryggi og skilvirkni í viðskiptum mæla af þeim sökum með því að ákvæðinu sé beitt af varúð í réttarsambandi fyrirtækja og neytenda. Þá verður ekki talið að verðmunurinn hafi verið svo mikill að sóknaraðili hafi átt að hafa hugboð um mistökin. Með hliðsjón af öllu framansögðu telur kærunefndin ekki að svo sérstaklega standi á að tilefni sé til beitingar 2. másl. 38. gr. sml.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða kærunefndar að sóknaraðili hafi ekki mátt vera ljóst að um mistök væri að ræða í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011. Samkvæmt því og með vísan til meginreglna kröfu- og samningaréttar var varnaraðili bundinn af þeim samningi sem komst á með aðilum 6. nóvember 2020 og var varnaraðila því óheimilt að rifta samningnum og endurgreiða sóknaraðila kaupverðið gegn mótmælum hans þess efnis. Verður varnaraðila gert að afhenda sóknaraðila úr af gerðinni Longines Spirit, því sama og sóknaraðili festi kaup á í vefverslun varnaraðila 6. nóvember 2020, herraúr með kringlóttri kassalögun, safirgléri og brúnni leðuról, gegn greiðslu sóknaraðila á 150.000 krónum.

## V

### Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að afhenda sóknaraðila, X, úr af gerðinni Longines Spirit, herraúr með kringlóttri kassalögun, safirgléri og brúnni leðuról gegn greiðslu sóknaraðila á, 150.000 krónum.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson